

Ofanflóðavarnir í Neðri Botnum undir hlíðum Strandartinds á Seyðisfirði

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 5. desember 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Múlaþings vegna ofanflóðavarna á Seyðisfirði samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu þann 7. desember 2023 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 6. desember 2023 til 15. janúar 2024.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Ofanflóðavarnir á Seyðisfirði – Neðri-Botnar. Matsáætlun. Múlaþing – FSRE – VSÓ Ráðgjöf. Umhverfismat framkvæmdar, nóvember 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Múlaþingi þann 11. janúar 2024.
- Minjastofnun Íslands þann 22. janúar 2024.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 15. janúar 2024.
- Veðurstofu Íslands þann 28. desember 2023.

Umsagnir bárust ekki frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 4. mars 2024.

3 Framkvæmd


Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Múlaþings um gerð ofanflóðavarna undir hlíðum Strandartinds og gerð grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Múlaþings felast í að reisa leiði- og þvergarða ofan íbúðarbyggðar sem fylgja nokkurn veginn núverandi legu bráðavarnargarða sem hefur verið komið fyrir eftir endilöngu svæðinu frá Búðará að Dagmálalæk og voru gerðir úr skriðuefninu sem féll í skriðuhrinunni í desember 2020. Um er að ræða 5 garða sem verða á milli 200-400 m langir og 1,5 til 8 m háir. Þá verður að gera ráð fyrir afléttingarholum, jarðtæknilegum styrkingum og grjóthrusnetum vegna takmarkaðs landrýmis á köflum þar sem varnargörðum verður ekki komið fyrir. Efni í garðana verður fengið úr skeringunum við hlið þeirra, sem mynda flóðfarvegina en gert er ráð fyrir að sækja þurfi um 80.000 m³ af efni í



Skaganámu í grennd við þéttbýlið. Ekki er gert ráð fyrir nýrri vegagerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda en lagðir verða vegslóðar innan framkvæmdasvæðisins. Stærð framkvæmdasvæðis er um 70 ha og gert ráð fyrir að allt svæðið geti orðið fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar framkvæmdaraðila.



Mynd 1 Athugunarsvæði vegna fyrirhugaðra varnargarða, rauð brotin lína. (Úr matsáætlun framkvæmdaraðila).

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru settir fram tveir valkostir annars vegar bygging varnargarða samkvæmt þeirri framkvæmdalýsingu sem birtist í matsáætluninni og hins vegar uppkaup húsa sem framkvæmdaraðili telur ekki ákjósanlegt.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað. Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir



valkostum við ofanflóðavarnir sem voru skoðaðir og/eða útfærslum við varnirnar og samanburði þeirra við aðalvalkost.

Efnisflutningar

Múlaping bendir á í umsögn sinni að mikilvægt sé að fjallað verði um hvernig efni verður flutt úr Skaganámu að framkvæmdasvæði og fundin lausn sem kemur í veg fyrir að það verði flutt í gegnum allan bæinn, t.d. með brúun Fjarðarár við Langatanga og Þórsmörk.

Í svörum er kynnt lagning nýs vegar sem liggur frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði að Skaganámu og verður Fjarðará brúuð með ræsi. Gert er ráð fyrir umfjöllun og mati á áhrifum á lífríki árinna sem og annarra umhverfisþátta sem veglagning kann að hafa áhrif á í umhverfismatsskýrslu sem mun byggja á fyrirbyggjandi gögnum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmaraðila um mat á áhrifum veglagningar en leggur áherslu á að matið taki til landnotkunar, gróðurs og fugla auk lífríkis Fjarðarár.

Fornleifar

Í matsáætlun kemur fram að fornleifar verði kortlagðar á framkvæmdasvæðinu og að fornleifafræðingur muni skrá og mæla upp fornleifar á þeim svæðum þar sem jarðrask sé fyrirhugað vegna varna og vinnuvega. Útlínur og staðsetningar fornleifa verða færðar á kort m.t.t. rasksvæðis og gert verður grein fyrir áhrifum þeirra.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að í umhverfismatsskýrslu þurfi að sýna staðsetningu og útlínur fornleifa á korti/loftmynd ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja á framkvæmdarsvæðinu. Þá þarf einnig að fjalla um fornleifar á svæðinu, áhrif framkvæmdarinnar á þær og mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili hyggst grípa til vegna fornleifa.

Í viðbrögðum Múlapings kemur fram að gerð verði grein fyrir staðsetningu og útlínum fornleifa á korti/loftmynd, ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja á svæðinu í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform um fornleifarannsóknir á vegum Múlapings og framsetningu niðurstaðna í umhverfismatsskýrslu.

Landslag og ásýnd

Í matsáætlun kemur fram að grunnástand landslags verði skilgreint og útbúnar ásýndarmyndir sem sýni framkvæmdir frá völdum sjónarhornum, séð bæði úr lofti og frá jörðu niðri. Einnig verða útbúnar myndir sem sýna áætlað skuggavarþ mannvirkja.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að framkvæmdin feli í sér mikið rask á því svæði þar sem garðarnir komi til með að standa en fyrst og fremst sé um að ræða varanlegar breytingar á landslagi sem muni taka á sig meiri manngerða ásýnd þegar 6-8 m háir varnargarðar rísa ofan við byggðina.

Fyrir liggur að snjóflóðavarnargarðar breyta í flestum tilfellum ásýnd og yfirbragði þeirra þéttbýlisstaða þar sem þeir rísa. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila að birta ásýndarmyndir frá völdum sjónarhornum, þ.e. ljósmyndir af framkvæmdasvæðinu miðað við núverandi aðstæður og líkanmyndir sem sýna eiga ásýnd eftir að garðarnir hafa risið. Stofnunin leggur áherslu á að val á sjónarhornunum þarf að vera vel rökstutt og endurspegla m.a. breytingar á ásýnd frá þeim íbúðarhúsum sem koma til með að standa næst gördunum.



Hljóðvist

Í matsáætlun kemur fram að helsti áhrifaþáttur framkvæmdarinnar sé hávaði frá vinnuvélum við landmótun varnargarðanna á framkvæmdartíma. Gerð verði grein fyrir hljóðvist í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Skipulagsstofnun tekur undir að hávaði og ónæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda sé einn helsti áhrifaþáttur fyrirhugaðra framkvæmda. Í umhverfismatskýrslu þarf að koma skýrt fram hver sé fjarlægð varnargarðanna frá íbúðarbyggð. Auk þess þarf að leggja rökstutt mat á áhrif framkvæmdanna á íbúa af völdum hávaða og ónæðis, m.a. með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar um hávaða og gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif.

Samráð

Í matsáætlun kemur fram að á meðan á undirbúningi framkvæmdar og vinnslu umhverfismatskýrslu standi verði áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila og að halda þeim upplýstum um framgang matsins.

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að fyrirhugaðar framkvæmdir séu kynntar fyrir íbúum og þá einkum þeim sem búa í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði og að í umhverfismatskýrslu verði fjallað um áform framkvæmdaraðila um kynningu.

Reykjavík, 4. mars 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson

